

Föstudaginn 6. apríl 1990.

Nr. 140/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Róbert Þór Bender.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. mars sl., sem barst Hæstarétti 30. s.m. Greinargerð frá ríkissaksóknara barst 3. þ.m. og frá varnaraðila 5. þ.m.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara styttingar á lengd farbands. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra í októbermánuði sl. athugun á bókhaldi, tekju-skráningu og söluskattsskilum varnaraðila og einkafyrirtækis hans, Benco, svo og hlutafélagsins Benco hf., er varnaraðili stofnaði í júnímánuði 1988. Gaf hún til kynna, að verulegum hluta af sölu fyrirtækjanna á árunum 1987-88 og fram eftir árinu 1989 hefði verið haldið utan við bókhald og röngum framtölum skilað bæði með tilliti til tekju- og eignarskatts og söluskatts. Í framhaldi af því óskaði skattrannsóknarstjóri eftir atbeina rannsóknarlögreglu ríkisins til að afla dómsúrskurðar um heimild til hútleitar og frekara halds á skjölum varðandi fyrirtækin svo og um farbann gagnvart varnaraðila. Um hið síðarnefnda var m.a. vísað til þess, að samkvæmt upplýsingum þjóðskrár hefði varnaraðili flutt lögheimili sitt frá Íslandi til Bretlands 8. október sl. og að ráðstafanir hans varðandi eigur sínar frá því um miðjan þann mánuð gæfu til kynna, að hann væri að undirbúa brottflutning frá Íslandi. Við yfirheyrslu 14. desember sl. staðfesti hann, að hann hefði í hyggju að hefja atvinnurekstur utan Íslands og væri hættur starfsemi hérlendis.

Samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins af þessu tilefni var

í sakadómi Reykjavíkur 19. desember sl. lagt bann við för varnaraðila frá Íslandi í þágu rannsóknar af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og hennar sjálfrar á meintum brotum gegn ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, söluskattslögum, bókhaldslögum og almennum hegningarlögum. Hefur hann síðan verið í því farbanni, sem framlengt var með úrskurði 7. febrúar sl. eftir beiðni rannsóknarlögreglunnar. Á þeim tíma hefur rannsókn málsins af hálfu skattfyrivalda verið leidd til lykta í meginatriðum og niðurstöður hennar lagðar til grundvallar að endurákvörðun gjalda á hendur varnaraðila og Benco hf. Hefur það verið gert með úrskurðum ríkisskattstjóra 27. mars sl., sem upp voru kveðnir, eftir að varnaraðili og hlutafélagið höfðu átt kost á að leggja fram gögn og skriflegar skýringar, sem þau gerðu 19. mars sl.

Af hálfu rannsóknarlögreglu liggur fyrir að framkvæma lokaáfangu frumrannsóknar á máli varnaraðila. Ber á það að fallast, að nærvera hans sé þar nauðsynleg, eins og rannsóknarefninu er háttað. Í þinghaldi í sakadómi 28. mars sl. lýsti varnaraðili því yfir, að hann hefði horfið frá fyrirætlunum um að flytjast af landi brott og flutt lögheimili sitt samkvæmt þjóðskrá aftur til Reykjavíkur. Sú ráðstöfun þykir ekki þurfa að hamla því, eins og á stendur, að farbann verði framlengt, né heldur hitt, að varnaraðili var ekki látinn sæta yfirheyrslum á þeim tíma, er hann hafði til athugasemda við niðurstöður skattrannsóknardeildar.

Með vísan til þessa og til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Róbert Þór Bender, kt. 060245-2669, með dvalarstað að Stuðlaseli 33 hér í borg, en lögheimili í Bretlandi, verði með úrskurði gert að sæta farbanni áfram, allt til miðvikudagsins 23. maí nk.

kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn lögum nr. 75/1981, lögum nr. 10/1960, lögum nr. 32/1978, lögum nr. 51/1968, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember sl., úrskurðaður í farbann. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúar sl., var farbannið framlengt til dagsins í dag kl. 16.00. Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Þann 5. október sl. hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum Róberts Þórs Benders, kt. 060245-2669, og fyrirtækisins Benco hf., Lágmúla 7, Reykjavík, kt. 590788-2289, árin 1987-1988 og það, sem af var ársins 1989, en Benco var einkafyrirtæki kærða fram til 25.6.1988, er Benco hf. var stofnað.

Af hálfu skattrannsóknarstjóra var farið fram á úrskurð dómara um farbann vegna umfangsmikillar rannsóknar.

RLR hefur haft bókhaldsfylgiskjöl til skoðunar frá 31. janúar sl., er málið barst RLR frá skattrannsóknarstjóra.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins hefur ríkisskattstjóri kveðið upp fjóra úrskurði um endurákvörðun á álögdum tekjuskatti, útsvari, eignarskatti og eignarskattsauka og aðstöðugjaldi Róberts gjaldárin 1988 og 1989 og sölugjaldi rekstrarárið 1987 og tímabilið janúar til og með júní 1988 og tekjuskatti, eignarskatti og eignarskattsauka og aðstöðugjaldi Benco hf. gjaldárið 1988 og sölugjaldi fyrir tímabilin júlí til og með desember 1988 og janúar til og með október 1989.

Hækkun álagningar samkvæmt endurákvörðun ríkisskattstjóra nemur samtals kr. 27.244.613 hjá Róbert Þór Bender og samtals kr. 28.842.811 hjá Benco hf. Gjaldendur hafa frest til og með 25. apríl nk. til að kæra endurálagningu tekjuskatts, útsvars og aðstöðugjalds, en til og með 10. apríl nk. til að kæra endurálagningu sölugjalds.

Rannsókn máls þessa hefur dregist vegna meðferðar málsins hjá skattfyrirvöldum, m.a. vegna fresta, sem kærða hafa verið veittir til að koma að skriflegum athugasemdum.

RLR telur ekki rétt að yfirheyra grunaða, fyrr en niðurstaða liggur fyrir í meðferð málsins hjá skattfyrirvöldum.

Rannsókn máls þessa beinist að ætluðum brotum kærða gegn lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um bókhald, lögum um söluskatt og lögum um hlutafélög og gegn 262. gr. laga nr. 19/1940.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt framangreindum lögum.

Ljóst er, að hér er um að ræða umfangsmikla rannsókn á ætluðum fjár-

munabrotum kærða. Kærði bar fyrir dómi, að hann hefði flutt lögheimili sitt að Stuðlaseli 33, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands í dag er kærði enn skráður til heimilis í Bretlandi.

Nauðsynlegt þykir í þágu rannsóknar málsins með vísan til framanritaðs, að kærða verði meinuð för af landinu.

Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að taka kröfu RLR um framlengingu farbanns til greina og með vísan til 72. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærða verði gert að halda sig innan íslenskrar lögsögu og meinuð för af Íslandi til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Róbert Þór Bender, kt. 060245-2669, með dvalarstað að Stuðlaseli 33 hér í borg, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er kærða meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.
